

13. fundur skólaráðs – 8. nóvember 2023

Fundurinn hófst kl. 8:15

Mættir: Margrét Halldórsdóttir skólastjóri, Íris Huld Christersdóttir fulltrúar foreldra, Sunna Dís Kristjánsdóttir fulltrúar kennara, Þorgeir Ragnarsson fulltrúi annarra starfsmanna og Arnheiður Guðmundsdóttir fulltrúi grendarsamfélagsins. Ekki er búið að útnefna fulltrúa nemenda og þeir nemendur sem voru í skólaráði eru útskrifaðir úr skólanum.

Dagskrá:

1. Ákveða fundartíma – Ákveðið að fundartímar í vetur verði kl. 15 á miðvikudögum.
2. Lögð fram drög að starfsáætlun Engidalsskóla 2023-2024 – Samþykkt án athugasemda.
3. Lögð fram drög að Skólanámskrá Engidalsskóla 2023-2024 - Samþykkt án athugasemda.
4. Lögð fram til kynningar fyrstu niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins haustið 2023 - Niðurstöðurnar eru sérstaklega ánægjulegar þegar kemur að líðan nemenda sem er á mikilli uppleið og eru komin yfir landsmeðaltal. Ýmis tækifæri eru þó en mikilvægt er að auka aftur ánægju af lestri sem farið hefur niður og eins halda áfram að vinna gegn einelti.
5. Farið yfir húsnaðisvanda skólans - Margrét fór yfir bréf sem hún sendi fræðsluráði Hafnarfjarðar varðandi þann vanda sem er að skapast nú þegar skólinn er aftur orðinn skóli fyrir nemendur í 1.-7. bekk.
6. Önnur mál:
 - a. Rætt um frístundastarf. Arnheiður fór yfir haustið en það hefur gengið á ýmsu að manna en er vonandi komið í góðan farveg. Fram kom hjá fulltrúa foreldra að mikilvægt sé að halda úti góðu og faglegu félagsstarfi fyrir nemendur.

Fundi slitið kl. 9:10